


BYGGINGARLÝSING

Sumarhús, Þrastahólar 34
Landnúmer: L205678
Staðgreinir: 8719-1-24700340

**Notkun:**
Um er að ræða sumarhús á einni hæð.
Húsið verður byggt á staðnum.
Rými sumarhússins mæta kröfum byggingarreglugerðar um stærðir miðað við áætlaðan fjölda gesta.

**Heildarstærðir í m2 og m3:**
Flatarmál sumarhús brúttó: 171,5 m2
Rúmmál brúttó: 459,58 m3
Lóðarstærð: 7600 m2
Nýtingarhlutfall: 0,023

**Bílastæði:**
Þrjú bílastæði eru við húsið, við aðkomu. Gert er ráð fyrirhleðslustöð rafbíla við bílastæði.

**Sorp:**
Sorpi er skilað samkvæmt reglum sveitarfélags hverju sinni.

**Burðarvirki og byggingarefni:**
Burðarvirki veggja og þakvirkis er styrkleikaflokkað timbur. Allt byggingarefni skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingavöru hérlendis, s.s. staðla, reglugerða, laga og ákvæða um CE-merkingu og eftir atvikum vottun eða umsögn um hana.

**Sökklar og grundun:**
Húsið verður byggt á þjöppuðum malarpúða sem nær niður á burðarhæfan botn. Sökklar eru steyptir og einangraðir með 100mm plasteinangrun.

**Gólf:**
Gólfplata er steinsteypt 120mm þykk og er einangruð með 100mm einangrun. Gólfhitalögnum er komið fyrir í gólfplötu.
Frágangur gólfa er parket og flísar. Votrými eru flísalögð.

**Frágangur útveggja:**
Útveggir eru byggðir upp með 45x145mm timburgrind með 145mm steinullareinangrun. Að utanverðu eru veggir eru klæddir 9mm grenikrossvið og þar næst 20mm loftunargrind. Klæðning er svartlituð læst málmklæðning að hluta og standandi timburklæðning að hluta. Að innanverðu er rakasperra 0,2mm þolplast, rafmagnsgrind og tvöföld gifsklæðning.

**Frágangur þaka:**
Þakvirki eru timbursperrur, einangrað í sperrubil með 200 mm þykkri steinullareinangrun með amk 25mm loftbili, klætt borðaklæðningu með öndunardúk og klætt læstri málmklæðningu. Að innanverðu er rakasperra 0,2mm þolplast, rafmagnsgrind og viðarklæðning.

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar og hurðir eru álklæddir timburgluggar.
Tvöfalt einangrunargler er í öllum gluggum.
Öryggisgler er í gluggum skv. byggingareglugerð 112/2012

**Innveggir:**
Innveggir eru léttir veggir í klæðningarflokki 1. Votrými eru flísalögð.
Veggur við kamínu er klæddur með eldþolnum plötum. Einangrað stálrör gengur upp úr þaki. Frágangur skal vera sbr. gr.9.6.5 og 9.6.6 í Byggingarreglugerð.

**U-gildi einstakra byggingarhluta:**
Þak 0,2 W/m²K
Útveggur 0,3 W/m²K
Háir gluggar 1,5 W/²K
Aðrir gluggar 2,0 W/m²K
Hurðir 2,0 W/m²K
Gólf á fyllingu 0,25 W/m²K

**Brunavarnir:**
Brunavarnir eru í samræmi við notkunarforsendur fyrir mannvirki í notkunarflokki 3. Klæðningar utanhúss eru í flokki 1. og 2. Innanhúss eru klæðningar í flokki 1. og 2. Aðkoma slökkviliðs er við aðkomu að húsinu. Flóttaleiðir eru um útihurðir og björgunarop. Slökkvitæki er staðsett í anddyri eða í samráði við byggingaryfirvöld á staðnum.
Reykskynjarar eru í alrými og svefnherbergjum, sjá aðaluppdrætti.

**Hljóðvist:**
Loft eru klædd viðarlistum með hljóðdempandi efni fyrir ofan sem uppfyllir kröfur um ómtíma.

**Lagnir:**
Hitalagnir: Húsið er tengt hitaveitu og kynnt með gólfhita.
Raflagnir eru lagðar í útveggi, létta innveggi og í lagnagrind undir þaki.
Neysluvatn er tengt inn á kerfi frístundabyggðarinnar. Vatnslagnir eru undir grunnplötu og í léttum innveggjum. Frárennslislagnir eru lagðar undir grunnplötu. Regnvatn og dren er leitt í púkk skv. byggingarreglugerð.
Loftræsing er náttúruleg um opnanleg fög í öllum rýmum. Skolp er leitt í rotþró á staðnum sbr. afstöðumynd. Stærð 3600 l.
Teikningar eru yfirfarnar af burðarþolshönnuði.

**Frágangur lóðar:**
Heimreið er með malaryfirborði. Hellulögn er við hús við aðkomu og timburpallur að sunnanverðu.
Heitur pottur á lóð verður útbúinn með læstu loki og efri brún hans í a.m.k. 0,4 m hæð yfir palli í kring.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sampykkt
05. maí 2021
Byggingarfulltrúi




Kort af svæði

| Skráningartafla: | | Þrastahólar 34 | | | | Skrásetjari: | Ari Þorleifsson | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landnúmer: | | 205678 | | | | Kennitala: | 5104825939 | | | | | | | | | | |
| Matshlutanúmer: | | 01 | | | Útgáfa: 4.01b | Dags.: | 19.4.2021 | | | | | | | | | | |
| Uppskipting og lýsing | | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | Matshluti | | | 171,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 171,5 | 0,0 | | | 566,7 | 148,0 | 171,5 | | 459,583 |
| | | Botn | | | | | | | | | | | 33,3 | | | | |
| | 01 | 1. hæð | | | 171,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 171,5 | 0,0 | | | 533,4 | 148,0 | 171,5 | | |
| A | 0101 | Sumarhús | N | 0101 | 166,7 | | | | 166,7 | | 2,87 | 3,36 | 519,3 | 143,9 | 166,7 | 3,11 | 447,529 |
| A | 0102 | Útigeymsla | N | 0101 | 4,8 | | | | 4,8 | | 2,87 | 3,00 | 14,1 | 4,1 | 4,8 | 2,94 | 12,054 |
| B | 0103 | Undir skyggni | U | 0101 | 6,7 | | | | 6,7 | | | | | | | | |
| Athugasemdir | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Sameignir sumra | | | | | | | | | | | | | | | | | |

| Eignarhald | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Skiptarúmmál | |
| | Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ | Séreign og sameign m³ |
| | 0101 | Sumarhús | 171,5 | 459,583 | 459,583 |
| | | Alls | 171,5 | 459,583 | 459,583 |

ENDURSKOÐUN : DAGS. :

## Þrastahólar - Sumarhús

Þrastahólar 34

20211731

| | | | |
|---|---|---|---|
| EFNI: | Afstöðumynd | | |
| VERKKAUPI : | Matheo ehf | | |
| KENNITALA VERKKAUPA: | 620217-3440 | | |
| LANDNÚMER: | L205678 | | |
| STAÐGREINIR: | 8719-1-24700340 | | |
| MÆLIKVARÐI: | 1 : 500 | VERKNR: | 2102 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 | TEIKN. NR.: | 01_00_01_01 |
| TEIKNAÐ: | ABS, AÞ | YFIRFARIÐ: | ABS |
| DAGSETNING ÚTGÁFU: | 20.04.2021 | ENDURSK: | |

STUDIO A
REYKJAVIK

Krókavaði 1
111 Reykjavík
sími: 6908348
studioareykjavik@gmail.com
kt: 581085-0529
kt: 020486-2879

AÐALHÖNNUÐUR/HÖNNUNARSTJÓRI: Anna Björg Sigurðardóttir FAÍ
Anna Björg Sigurdard.

Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfi höfundar